

Nd. **816. Nefndarálit** [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. l. nr. 78/1977.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt við fulltrúa fjármálaráðuneytis og hagsmunasamtaka. Frumvarpið er flutt til staðfestingar bráðabirgðalögum sem gefin voru út 20. september 1985.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afstöðu til frumvarpsins. Minni hl. er andvígur því að skattheimta á bifreiðar sé aukin á sama tíma og útgjöld til vegamála eru skorin niður. Frumvarpið gengur einnig þvert á þá stefnu sem nú er uppi að færa niður verðlag í landinu og standa gegn öllum hækkunum. Minni hl. leggur því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 11. apríl 1986.

Svavar Gestsson,
frsm.

Jón Baldvin Hannibalsson. Kristófer Már Kristinsson.